Skólanefndarfundur

Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Fund boðaði	Dags fundarrit.
Sigríður Káradóttir	14.10.2026	10 - 12	Vala hrönn	14.10.2026
Mættir: Álfhildur Leifsdóttir, Einar E. Einarsson, Ingvar Páll Ingvarsson, Bryndís Þráinsdóttir, Hanna Þrúður Þórðardóttir, Selma Barðdal, Laufey Leifsdóttir, Grétar Karlsson, Sara Níelsdóttir, Margrét Helga Halldóttir, Guðrún Ottósdóttir, Erla Hrund Þórarinsdóttir.				
Fjarverandi:				

Dagskrá

1. Skólahald haustannar
   a. nemandatölur
   b. mannahald/nemendamál
2. Húsnæðismál
   a. Staða viðbyggingar
3. Rekstrarstaða
4. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1.	a. Nemendatölur:	

	Verkefnastjóri kynnti samantekt á tölum um nemendafjölda við skólann. Heildarfjöldinn er 812 manns, í aðalskóla eru 701 og fjöldi í aukaskóla er 111. Fram kemur að hestabrautin fer stækkandi en fækkun í iðn- og starfsnámi frá síðasta ári sem skýrist af því að hópar í bifvélavirkjun og rafveituvirkjun luku námi. Kynjaskipting er karlar eru 383, konur eru 428 og einn kynsegin. Nemendur koma alls staðar að af landinu og einnig eru nokkrir erlendir nemendur við FNV. b. Mannahald: Skólameistari fór yfir mannabreytingar undanfarnar annir. Sjö starfsmenn létu af störfum sl. vor og fimm starfsmenn tóku til starfa. Á haustönn 2026 starfa 64 starfmenn við skólann og þar af 42 kennarar. Auglýst var eftir stærðfræðikennara fyrir haustönn en enginn var ráðinn og kennslan leyst með tilfærslum innanhúss. Skólameistari sagði frá því að stöðugildum við kennslu hefði fækkað og verið væri að skoða ráðningar í einstaka stöður við skólann. Tilfærslur hafa orðið á störfum innanhúss á haustönn og tveir starfsmenn eru í veikindaleyfi og þeirra störf jafnframt leyst innanhúss. Umsjónarkennsla hófst aftur eftir nokkurt hlé í haust. Skólameistari sagði frá því að ákveðið hefði verið að fara af stað með umsjónarkennslu fyrir nýnema. Þrír kennarar á félagsfræðibraut sinna umsjónarkennslunni sem hefur gefist afar vel og skilað sér í bættri mætingu og verkefnaskilum.	
2.	a. Staða viðbyggingar: Skólameistari sagði frá því að vikulegir fundir hefðu verið haldnir með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, sveitarfélagsins Skagafjarðar og FNV það sem af er hausti. Unnið væri að samningi um framkvæmd viðbyggingarinnar við verknám skólans á milli sveitarfélagsins Skagafjarðar og mennta- og barnamálaráðuneytis. Verið væri að klára það sem út af stæði, s.s. tímalínu, fjrstreymi og annað sem fjallað er um í samningsdrögum. Skólameistari er vongóður um að skrifað verði undir samninginn innan fárra vikna.	
3.	Fjármálastjóri fór yfir fjárhagsstöðu skólans og er framlag til skólans örlítið hærra en á síðasta ári sem er í takti við verðlagsbreytingar og fjölgun nemenda undanfarin ár. Fjárhagsstaða skólans eftir níu mánuði er jákvæð upp á 65 milljónir. Unnið er að endurnýjun húsganga í bóknámshúsi og endurhönnun bókasafns verður	

	lokið á þessari önn. Einnig hefur nýtt tómstundarými á heimavist verið tekið í notkun.	
4.	Katelyn Eva John varaformaður nemendafélagsins sagði frá starfi nemendafélagsins. Afstaðnir eru nýnemadagar, skemmtikvöld sem haldin eru reglulega, íþróttavikan og FNV-leikar sem tókust vel og þátttaka var góð. Katelyn sagði einnig frá verkefni forseta Íslands „Samtalið“ sem tókst vel og umræður voru góðar um heimsmálin. Um 20 manns mættu þar frá skóla og atvinnulífi. Áheyrnarprufur eru farnar af stað fyrir leikritið Sódóma Reykjavík undir stjórn leikstjórans Sigurlaugar Vordísar. Menningarkvöld verður á dagskrá í nóvember og er það einn stærsti viðburður nemendafélagsins. Hrekkjavökuvika verður svo í lok október, söngvakeppnin verður haldin í desember, leiksýning og árshátíð verða eftir áramót. Gott samstarf er milli nemendafélagsins og nefndar útskriftarefna.	
5.	Skólameistari ræddi um mikilvægi kynningarmála fyrir skólann og að farið verði af stað með kynningar í nærsamfélögum nú á haustönn og þeim svo fylgt eftir með frekari kynningum á vorönn. Mikilvægt er fyrir skólann að eiga gott samtal við nemendur og foreldra. Einnig er áhersla á reglulegar kannanir þar sem spurt er út í skólastarfið og aðstöðu nemenda. Aðstoðarskólameistari sagði frá vinnu sem er í gangi með ráðuneyti og öðrum framhaldsskólum við að samræma náttúrufræðibrautir. Í lok fundarins var fundarmönnum sýnt myndband frá FNV-leikunum, sem haldnir voru þann 7. október, þar sem nemendum var skipt í fjögur lið og keppt var í hinum ýmsu greinum, bæði bóklegum og verklegum, og unnið með samstöðu og liðsanda.	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):